

Úrskurður sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 1. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 1. febr. 1978, var á dómþingi sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem háð var af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í máli þessu.

Samkvæmt beiðni sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum hefur verið óskað rannsóknaratbeina þessa dóms vegna gruns á hendur kærða, Ólafi Þór Jónssyni, Þórustöðum, Ölfusi, fæddum 13. mars 1954, um alvarlegt fíkniefnamisferli, en sakadómsrannsókn málsins fer fram við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum í Reykjavík og tengist mörgum aðiljum.

Jónas Hallsson lögreglumaður hefur í dag munnlega óskað eftir, að kærði verði úrskurðaður í gæsluvarðhald, svo hægt sé að koma honum til Reykjavíkur í sambandi við rannsókn aðalmálsins þar.

Það þykir því brýn nauðsyn að koma kærða til Reykjavíkur til frekari yfirheyrslu hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnum (sic).

Með hliðsjón af framanskráðu og með tilvísun til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í allt að 5 daga gæsluvarðhald.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Þór Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 5 dögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1978.

Nr. 28/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Ólafi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Arnar Guðmundsson, fulltrúi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Hvorki hefur borist greinargerð frá rikissaksóknara né verjanda.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið til Hæstaréttar framangreindum úrskurði með kærú 3. febrúar 1978, sem barst Hæstarétti 6. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Samkvæmt sakargögnum ber nauðsyn til vegna rannsóknar máls þessa, er í hinum kærða úrskurði greinir, að hneppa varnaraðilja í gæsluvarðhald, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974, og standa ákvæði 65. gr. stjórnarskrár því eigi í vegi. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. febrúar 1978.

Ár 1978, föstudaginn 3. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Frá því um miðjan des. sl. hefur stöðugt verið í gangi mjög umfangsmikil fíkniefnarannsókn og þegar upplýst um stórfellt smygl svonefndra hassefna síðan í jan. á síðasta ári.

Þann 30. janúar sl. var staðan þannig, að nauðsyn bar til að yfirheyra Ólaf Þór Jónsson, fæddan 13. mars 1954, sem staddur var þá á Raufarhöfn. Var Jónas Hallsson lögreglumaður, starfsmaður ÁFD (ávana- og fíkniefnadeildar), sendur norður til að yfirheyra Ólaf. Ólafur neitaði meðhöndlun fíkniefna undanfarið. Lögreglumaðurinn færði Ólaf þá fyrir fulltrúa fólga á Húsavík, sem úrskurðaði piltinn í allt að 5 daga gæsluvarðhald, svo hægt væri „að koma kærða til Reykjavíkur til frekari yfirheyrslu“, eins og segir í úrskurði. Voru þeir komnir til Reykjavíkur kl. 2130 1. febrúar sl.

Dómari yfirheyrði Ólaf kl. 1620 í gær, en hann neitaði að svara spurningum, en óskaði eftir hæstaréttarlögmanni Jóni E. Ragnars-

syni sem réttargæslumanni. Nefndur lögmaður tók að sér réttargæslu, og hefur hann nú rætt einslega við gæslufangann.

Verður nú rakið það, sem að Ólafi Þór Jónssyni snýr um meinta meðhöndlun hans á fíkniefnum.

I. Þann 24. október 1977 höfðu foreldrar Ólafs samband við ÁFD með aðstoð milligöngumanns, þar sem þau voru á förum erlendis, en tókst ekki að „finna“ piltinn. Hjá ÁFD er bókað þann dag, að fengist hafi upplýsingar um, að Ólafur hafi haldið erlendis til fíkniefnakaupa.

ÁFD fékk upplýst hjá gjaldeyrisdeild bankanna, að Ólafur hafi fengið fullan ferðamannagjaldeyri þann 9. september 1977.

Eftirgrennslan ÁFD í nóv. og des. leiddi ekki til aðgerða gegn Ólafi, utan að 15. des. var hann yfirheyrður, en bar af sér allar sakir varðandi meðhöndlun fíkniefna.

II. Við rannsókn undanfarnar vikur hefur upplýst um innflutning á þremur notuðum svarthvítum sjónvörpum, sem flutt hafa verið frá Rotterdam, og er þegar upplýst eftir framburðum margra aðilja, að í einu þeirra, sem kom til landsins í nóv. sl., voru í myndlampa falin a. m. k. 3 kíló af hassi. Voru það nokkrir félagar Ólafs, þó að sögn aðallega Magnús Árnason, fæddur 24. febrúar 1953, sem áður hefur játað stórfellt fíkniefnasmygl, sem þar áttu hlut að máli. Nefndur Magnús hefur verið í gæsluvarðhaldi, síðan hann kom til landsins úr 3 mán. siglingu 5. jan. sl.

Af ofangreindri efnissendingu hefur lögregla lagt hald á 1.2 kg.

III. Rannsókn hefur leitt í ljós, að Ólafur leysti úr tolli þann 15. júní 1977 svart/hvítt TV, sem sent var frá Rotterdam og greitt fyrir kr. 78.931, og enn fremur að Þórey Þorsteinsdóttir, eiginkona Ólafs, hefur 23. nóvember 1977 fengið sent svart/hvítt TV, sem var leyst úr tolli með kr. 82.560.

IV. Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954, sem úrskurðaður var í gæslu 24. janúar sl. og m. a. afhenti lögreglu þau 1.2 kg af hassi, sem áður getur, sagði sem og fleiri hafa borið, að Magnús Árnason, sem hafi átt af efnismagni, hafi sent tækið, sem efnið barst í.

Í framburði Birgis þann 28. janúar sl. kemur og fram, að hann sagði Magnús hafa útvegað hass erlendis frá í júní 1977 og þá komið á Norðfjörð til Birgis og þá Ólafur Þór og Þórey með honum. Skömmu síðar afhent Birgi 600—800 grömm af hassi, þeir þá staddir í Reykjavík, og bar Birgir, að sig renndi grun í, að efnið hefði komið til landsins í sjónvarpi.

V. Áðurnefndur Birgir hefur og borið að hafa sent Magnúsi

Árnasyni kr. 300.000 til Kaupmannahafnar í des. sl., en þar var Magnús þá staddur. Birgir sagði og Magnús hafa beðið Birgi að hafa samband við Ólaf Þór og biðja hann að vera við síma á ákveðnum tíma. Birgir kvaðst hafa skilað þessu.

VI. ÁFD framkvæmdi leit samkvæmt heimild á heimili Ólafs og fleiri að Þórustöðum í Ölfusi í lok des. sl., og fannst þá í vistarverum Ólafs kvittun fyrir ábyrgðarsendingu, stíluð á Guðlaugu Kjartansdóttur í Danmörku, kvittun, dagsett 14. desember 1977, og hefur Ólafur borið að hafa sent nefndri stúlku þannig jólagjöf. Grunur leikur á, að sending sé tengd meintri símhringingu Magnúsar, en sambýlismaður stúlkunnar á nefndum tíma hefur ásamt Magnúsi lent í fíkniefnamáli.

VII. Við yfirheyrslu hjá lögreglu hefur Þórey Þorsteinsdóttir, eiginkona Ólafs, neitað meðhöndlun fíkniefna, þar til hún 2. febrúar, þ. e. í gær, taldi rétt að skýra satt frá. Hún bar, að Magnús Árnason hefði sent Ólafi sjónvarp í júní sl. og hafi hass verið falið í tækinu. Ekki kvaðst hún vita um magn eða hlut Ólafs.

Hún sagði og, að Ólafur hefði sagt sér í nóv. sl., að sjónvarp, sem innihéldi hass, mundi berast henni. Hafi svo orðið og hún leyst út tækið fyrir Ólaf. Sem fyrr kvaðst hún ekki vita um efnismagn eða hlut Ólafs, en þau hafi haft nóg efni til neyslu. Þórey vísaði lögreglu á bæði þessi tæki í gær, og eru þau í ransókn, m. a. fingrafara hjá tæknideild lögreglu.

VIII. Af hálfu rannsóknaraðilja, þ. e. ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu, er komin fram krafa um gæsluvarðhald yfir Ólafi til að tryggja eðlilegan framgang frekari rannsókna.

IX. Rétt þykir að geta hér stuttlega áður upplýsta fíkniefna-meðhöndlun Ólafs Þórs Jónssonar, sem hann og hefur viðurkennt:

- 1) Maí 1975: Keypti ásamt fleirum 3 kg af hassi í Amsterdam. Átti 1.1 kg heildarmagns og dreifði hérlandis með hagnaði.
- 2) Maí 1975: Flutti 14 grömm af amfetamíni til landsins fyrir félaga sinn og seldi hérlandis ásamt 15 öðrum grömmum. Stóð eiganda skil á söluandvirði að mestu.
- 3) Ágúst 1975: Keypti 700 grömm af hassi í Amsterdam.
- 4) Sumar 1976: Milliganga um sölu á mörg hundruð grömmum hassefna hérlandis.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að enn er margt óupplýst um þátt Ólafs Þórs Jónssonar í meintu hasssmugli í júní og nóv. á síðasta ári, en rökstuddur grunur er uppi um það,

að Ólafur eigi þar verulegan hlut að máli, og með hliðsjón af kostnaði þeim, sem lagt er út í við öflun sjónvarpa, notaðra, svo og að mörg kíló hassefna virðast hafa komið með 3ja sjónvarpi, sem kom í nóv., verður ekki óvarlegt að ætla, að efnismagn skipti kílóum og því féverðmæti margar milljónir, en dreifing er að mestu óupplýst enn. Einnig er óljós hlutur hvers og eins, en ljóst, að nokkrir ungir menn eiga hlut að máli.

Það er sýnt, að dómstóll þessi hreyfir í engu við ákvörðun sakaðs Húsavíkur.

Nauðsyn þykir til bera að útiloka möguleika Ólafs Þórs Jónssonar á því að spilla sakargögnum og hafa samband við hugsanlega samseka eða vitni, sbr. 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og er því talið rétt að verða við ósk lögreglu um frekara gæsluvarðhald Ólafs, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki ákvörðun þessari til fyrirstöðu, þar sem Ólafur er grunaður um háttsemi, sem samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 getur varðað hann fangelsisrefsingu, ef sök sannast.

Ákveðst gæsluvarðhaldstími allt að 60 dögum frá lokum gæsluvarðhaldsvistar samkvæmt úrskurði sakaðs Húsavíkur, upp-
kveðnum 1. febrúar kl. 1730.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Ólafs Þórs Jónssonar, fædds 13. mars 1954, framlengist um allt að 60 dögum frá kl. 1730 6. febr. 1978.
